

Jarðfræðipjónusta Hauks Jóhannessonar ehf.

Borholur í Saurbæjarhreppi (3809) í Dalasýslu



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2014/020


Ágúst 2014

Inngangur


Í þessari greinargerð er farið yfir þær borholur sem eru í Saurbæjarhreppi hinum forna. Þær eru 17 að tölu þar af eru tvær mannvirkjaholur (BY-04 og BY-05) auk einnar óskráðrar holu á Neðri-Brunná (NB-02). Fleiri mannvirkjaholur hafa verið boraðar m.a. í landi Staðarhóls og Tjaldaness á vegum Vegagerðarinnar - þær eru allar óskráðar og ekki vitað hvað þær voru margar. Borholur BY-04 og BY-05 í Bersatungu eru mannvirkjaholur sem Vegagerðin lét bora. Upplýsingar um borholurnar eru í 1. töflu og staðsetningar eru sýndar á 1., 2. og 3. mynd.

1. tafla. Borholur í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu. Stjörnumerktar borholur eru óskráðar.


Staðarnr.	Heiti	Lögbýli	Dýpi	Borár	N-hnit	V-hnit
33691	TN-01	Tjaldanes	33	1990	65° 22.838	21° 59.557
33641	SM-01	Stórimúli	29	1990	65° 22.245	21° 53.669
33651	SH-01	Staðarhóll	33	1990	65° 20.334	21° 54.132
33661	ÞD-01	Þverdalur	33	1990	65° 20.778	21° 55.968
33671	NB-01	Neðri-Brunná	33	1990	65° 23.853	21° 52.142
33672*	NB-02	Neðri-Brunná		1990	65° 23.811	21° 52.643
34601	KG-01	Kverngrjót	200	1985/1988	65° 21.476	21° 56.477
34602	KG-02	Kverngrjót	518	1987	65° 21.435	21° 56.425
34603	KG-03	Kverngrjót	369,8	1988	65° 21.308	21° 56.307
34604	KG-04	Kverngrjót	240,9	1988/1990	65° 21.584	21° 56.282
34605	KG-05	Kverngrjót	233,1	1990	65° 21.470	21° 56.481
33471	SH-01	Hvítidalur	50	2000	65° 21.491	21° 49.627
33731	BY-01	Bersatunga	50	2000	65° 21.302	21° 46.129
33732	BY-02	Bersatunga	60	2000	65° 20.417	21° 45.021
33733	BY-03	Bersatunga	51	2000	65° 20.895	21° 46.079
33734	BY-04	Bersatunga	a.m.k. 17		65° 21.205	21° 45.785
33735*	BY-05	Bersatunga	a.m.k. 28			



1. mynd. Borholur í Saurbæ.



2. mynd. Staðsetning borholna á Kverngrjóti.



3. mynd. Staðsetning borholna í Bersatungu.

TN-01 - Tjaldanes

Borhola TN-01 í Tjaldanesi er í fjörunni rétt utan við svonefndan Rauðmagatanga um 1,2 km utan við krókinn sem verður í fjörunni við Tjaldanes. Holan er á lágu klapparnefi efst í fjörunni. Ástand hennar er sæmilegt.



4. mynd. Borhola TN-01 í Tjaldanesi. Horft til suðvesturs.



5. mynd. Borhola TN-01.

SM-01 - Stórimúli

Borhola SM-01 er ofan þjóðveggar gegnt bæjarhúsunum í Stóramúla, um 75 m í hásuður. Þar er lágt grasbarð undir klettahjalla og þar er holan. Holan er í þokkalegu ástandi.



6. mynd. Borhola SM-01. Stórimúli í baksýn.

SH-01 - Staðarhóll

Hola SH-01 er í svonefndri Staðartungu gegnt Kjarlaksvöllum. Hún er rétt neðan við foss sem nefnist Gullfoss um 250 metra suðaustur af bæjarhúsunum á Kjarlaksvöllum. Holan er á grasbakka við klappirnar við ána en sést illa. Holan er í þökkalegu ástandi.



7. mynd. Borhola SH-01. Kjarlaksvellir í baksýn.

ÞD-01 Þverdalur

Borhola ÞD-01 í Þverdal er á ytri árbakka Þverár 50 metra austur af og neðan við bæjarhólinn. Holan sést mjög illa en er annars í sæmilegu ástandi.



8. mynd. Borhola ÞD-01 í Þverdal. Horft inn Þverdal.




9. mynd. Borhola PD-01 í Þverdal.

KG-01 - Kverngrjót

Borhola KG-01 á Kverngrjóti er á sléttuðum flata utan og ofan við ystu húsin. Holan er um 200 metra norðan við nyrðra íbúðarhúsið. Holan er opin en annars er ástand hennar þökkalegt.



10. mynd. Borhola KG-01 á Kverngrjóti. Útihúsin í baksýn.



11. mynd. Borholur KG-01 og KG-05 á Kverngrjóti. Útihúsin í baksýn.

KG-02 - Kverngrjót

Borhola KG-02 er inni í miðju nýja fjósinu á Kverná. Holan er 130 m norðan við nyrðra íbúðarhúsið. Holan er farinn að láta á sjá og er skeljuð að utan. Í henni er 20°C heitt vatn og var það notað í silungseldi á sínum tíma.



12. mynd. Borhola KG-02 á Kverngrjóti. Inni í miðju fjósi.



13. mynd. Borhola KG-02 á Kverngrjóti.

KG-03 - Kverngrjót

Borhola KG-03 er nokkuð fyrir innan húsin á Kverngrjóti og nær ánni. Hún er 130 m suðsuðaustur af nyrðra íbúðarhúsinu. Holan er lítt áberandi og fjalir eru settar yfir hana. Tvö fiskeldisker eru við holuna. Í henni er volgt vatn sem notað var í silungsemið.



14. mynd. Borhola KG-03 á Kverngrjóti. Bæjarhúsin í baksýn.

KG-04 - Kverngrjót

Borhola KG-04 er nokkru fyrir utan húsin og niður á sléttlendi þar. Hún er 400 metra norðnorðaustur af nyrðra íbúðarhúsinu. Holan er opin og í henni er volgt vatn sem notað var í silungseldi. Holan er annars í þokkalegu ástandi.



15. mynd. Borhola KG-04 á Kverngrjóti. Útihúsin í baksýn.

KG-05 - Kverngrjót

Borhola KG-05 er um þremur metrum ofar en hola KG-01. Holan er opin en settur hefur verið steinn yfir opið. Annars í þokkalegu ástandi.



16. mynd. Borhola KG-05 á Kverngrjóti. Útihúsin í baksýn.

NB-01 - Neðri-Brunná

Borhola NB-01 er á nyðri bakka Brunnár upp undir dalsmynninu. Holan er um 740 metra austnorðaustur af Neðri-Brunná. Vegslóði liggur upp á hjallann sem þar er og borholan er í litlum hvammi við gljúfurbrúnina. Holan er í þokkalegu ástandi.



17. mynd. Borhola NB-01. Neðri-Brunná í fjarska.

NB-02 - Neðri-Brunná

Borhola NB-02 er óskráð hola. Holan er um 360 metra austnorðaustur af Neðri-Brunná. Hún er 3" víð og hefur verið notuð steypa kringum fóðurrörið. Að sögn fyrri ábúanda þá var holan boruð á sama tíma en þó á undan holu NB-01 og af sama bor en hún hefur misheppnast. Holan er opin og fóðurrörið allt beyglað. Hún er rétt ofan við gamla þjóðveginn þar sem gamli afleggjarinn niður að Neðri-Brunná var.



18. mynd. Borhola NB-02. Horft í norður.



19. mynd. Borhola NB-02.

SH-01 - Hvítidalur

Borhola SH-01 er við Grandastaðagil um 1,1 km vestur af bænum. Holan er efst í aurkeilunni og utan við sjálft gilið. Holan er í góðu ástandi.



20. mynd. Borhola SH-01 í Hvítadal.



21. mynd. Borhola SH-01 í Hvítadal. Horft inn Saurbæ.



22. mynd. Borhola SH-01 í Hvítadal. Grandastaðagil er ofan við borholuna.

BY-01 - Bersatunga

Borhola BY-01 í Bersatungu er á litlu holti neðan og utan við bæinn en ofan þjóðveggar. Hún er 250 m norðvestur af bænum. Holan sést illa en er annars í góðu ástandi.



23. mynd. Borhola BY-01. Brekka í fjarska.



24. mynd. Borhola BY-01.

BY-02 - Bersatunga

Borhola BY-02 í Bersatungu er í svonefndum Kötllum sem eru um 1,7 km innan við bæinn til suðsuðausturs. Hún er í klöpp um 10-15 metra ofan við þjóðveginn. Holan sést illa en er í góðu ástandi.



25. mynd. Borhola BY-02. Horft út dalinn.



26. mynd. Borhola BY-02.

BY-03 - Bersatunga

Borhola BY-03 er á klettahjalla nokkuð hátt í hlíðinni vestan við ána, um 680 m suðsuðvestur af bænum. Hún er í góðu ástandi.



27. mynd. Borhola BY-03. Bersatunga handan við dalinn.



27. mynd. Borhola BY-03.



28. mynd. Borhola BY-03.

BY-04 - Bersatunga

Borhola BY-04 er óskráð og var boruð fyrir Vegagerðina til könnunar á grjótnámi fyrir Gilsfjarðarbrú. Holan er grönn og er á sléttri klöpp um 100 m ofan og innan við bæinn. Til er hitamæling úr þessari holu.



29. mynd. Borhola BY-04. Húsin í Bersatungu í baksýn.

BY-05 - Bersatunga

Borhola BY-05 er óskráð og var boruð fyrir Vegagerðina til könnunar á grjótnámi fyrir Gilsfjarðarbrú. Hún er skammt frá holu BY-04 en fannst ekki enda boruð í laus jarðlög efst. Til er hitamæling úr þessari holu.